



Körfuknattleiksþing 22. apríl 2017

ÞINGBOÐ

Reykjavík, 9. mars 2017

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands Héraðssambönd og Íþróttabandalög Körfuknattleiksfélög

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands boðar með bréfi þessu til þings sambandsins 22. apríl næstkomandi. Þingið verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Sambandsaðilum til upplýsinga og glöggvunnar eru helstu dagsætningar fram að þingi sem hafa þarf í huga samkvæmt lögum KKÍ:

- Í síðasta lagi föstudaginn 10. mars þarf stjórn KKÍ að senda út þingboð á sambandsaðila KKÍ og er það hér með gert í bréfi þessu.
- Föstudagurinn 31. mars er síðasti dagur fyrir sambandsaðila að skila inn tillögum/þingsályktunum fyrir þingið.
- Í síðasta lagi föstudaginn 31. mars skal skrifstofa KKÍ senda kjörbréf til allra sambandsaðila.
- Miðvikudagurinn 12. apríl er síðasti dagur til að skila inn framboðum til stjórnar.
- Í síðasta lagi föstudaginn 14. apríl þarf stjórn KKÍ að senda út tillögur sem liggja fyrir þinginu, dagskrá þings og ársskýrslu á sambandsaðila.



- Í síðasta lagi föstudaginn 14. apríl þurfa sambandsaðilar að skila inn útfylltum kjörbréfum til skrifstofu KKÍ svo félög geti verið með atkvæði á þinginu.
- Í síðasta lagi föstudaginn 14. apríl þurfa félög að gera upp skuldir sínar við KKÍ þannig að félagið sé skuldlaust viku fyrir þing og geti verið með atkvæði á þinginu.

Lög KKÍ og allar reglugerðir sambandsins má nálgast á heimasíðu KKÍ: www.kki.is

Nánari dagskrá og kjörbréf verða send út þegar nær dregur þingi og samkvæmt lögum KKÍ.

Töluverð breyting er á fulltrúafjölda félaga þar sem því var breytt í lögum á síðasta þingi. Fjöldi þingfulltrúa hvers félags velst svona samkvæmt nýju lögnum:

- Fyrir félag, sem spilar í úrvalsdeild karla eða 1. deild karla komi 2 fulltrúar
- Fyrir félag, sem spilar í úrvalsdeild kvenna eða 1. deild kvenna komi 2 fulltrúar
- Fyrir félag, sem spilar í 2. eða 3. deild komi 1 fulltrúi
- Fyrir félag sem skráir yngriflokka komi 1 fulltrúi
- Fyrir félag sem skráir 10 eða fleiri yngriflokka kemur 1 fulltrúi til viðbótar [2 fulltrúar fyrir yngriflokka]

Ef sambandsaðilar óska eftir frekari upplýsingum eða aðstoð vegna tillögu / þingsályktunargerðar fyrir þingið þá að sjálfsögðu hafið þið samband við skrifstofu KKÍ.

Fyrir hönd Körfuknattleikssambands Íslands,



Hannes S. Jónsson
Formaður KKÍ



Guðbjörg Nordfjörð
Varaformaður KKÍ

